

Samningur

milli Starfsgreinasambands Íslands og Landssambands smábátaeigenda um ákvæðisvinnu við línu og net.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við línu- og netavinnu.

2. gr. Launakjör

a) Beitning með beituskurði

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr. 4,44 pr/krók upp að 540 króka bjóði. Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti og sjái um beituskurð án annarrar vinnu við bátinn.

420 x 4,44 =	kr. 1.864	með beituskurði
500 x 4,44 =	kr. 2.220	með beituskurði
540 x 4,44 =	kr. 2.398	með beituskurði

b) Beitning án beituskurðar

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr. 4,04 pr/krók upp að 540 króka bjóði enda þurfi hann ekki að sjá um beituskurð. Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn.

420 x 4,04 =	kr. 1.697	án beituskurðar
500 x 4,04 =	kr. 2.020	án beituskurðar
540 x 4,04 =	kr. 2.182	án beituskurðar

c) Uppstokkun á línu

Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 84% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt alíð þessarar greinar. Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

420 króka bjóð	uppstokkun	kr. 1.567,-
500 króka bjóð	uppstokkun	kr. 1.865,-
540 króka bjóð	uppstokkun	kr. 2.014,-

3. gr. Landmenn

Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa og annast aðra umsýslu.

4. gr. Kauptrygging

Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 166.345,-. Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn beiti ákveðin fjöldi bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður beitir reglulega. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjöldi bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu. Kauptryggingin tekur þeim hækkunum sem verða á kjarasamningi SGS og SA á hverjum tíma.

Kauptrygging kr. 166.345,- / 1.864 per 420 króka bjóð = 89 bjóð á mánuði
Með beituskurði / 2.220 per 500 króka bjóð = 75 bjóð á mánuði
/ 2.398 per 540 króka bjóð = 69 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 166.345,- / 1.697 per 420 króka bjóð = 98 bjóð á mánuði
Án beituskurðar / 2.020 per 500 króka bjóð = 82 bjóð á mánuði
/ 2.182 per 540 króka bjóð = 76 bjóð á mánuði

Sjá nánar skilgreiningu á fullu starfshlutfalli í d-lið í fylgiskjali með samningnum.

5. gr. Vinna við línu og net

Greiðsla án orlofs

Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	kr. 2.110
Sé aðeins hnýttur krókur	kr. 1.479
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr. 673
Fyrir að fella net á teina (blý- og floteina)	kr. 1.477
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	kr. 633
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	<u>kr. 115</u>
Samtals þorskanet	kr. 2.225
Fyrir að fella net á notaða teina og gera við greiðist 10% álag til viðbótar.	kr. 1.527
Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana.	kr. 1.592
Fyrir að fella grásleppunet	kr. 4.155

6. gr. Orlofs- og desemberuppbót

Greiða skal starfsmönnum við línu og net orlofs- og desemberuppbót í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall þeirra.

7. gr. Ráðningarsamningur

Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega.

8. gr. Orlofsréttur

Lágmarksorlof skal vera 10,17% eða 24 dagar. Eftir að starfsmaður hefur starfað við beitningu eða netafellingu í 5 ár skal rétturinn vera 10,64% eða 25 dagar. Með sama hætti öðlast starfsfólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun (Rétturinn tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008). Hinn 1. maí 2010 lengist rétturinn eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafir rétturinn verið staðreyndur.

9. gr. Uppgjör

Um uppgjör og launaseðla fer eins og kveðið er á um í grein 1.10. í kjarasamningi SGS og SA.

10. gr. Vinnutími

Um vinnutíma og lágmarkshvöld fer eins og kveðið er á um í 2. kafla í kjarasamningi SGS og SA.

11. gr. Veikindaréttur

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatillfellum og slysatryggingar fer eins og kveðið er á um í 8. kafla í kjarasamningi SGS og SA.

12. gr. Hlífðarfatnaður

Þar sem ekki er lagður til hlífðarfatnaður (Svunta, viðeigandi vettlingar, buxur, sloppur) skal greiða fastráðnum beitingamönnum kr. 4.500,- í fatapening á mánuði. Starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

13. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð

Vinnuveitandi skal greiða 8% og starfsmaður 4% af öllum launum í lífeyrissjóð.

Viðbótarframlag vinnuveitanda í séreignasjóð skal vera 2% af öllum launum gegn 2% eða hærra framlagi starfsmanns í séreignasjóð.

14. gr. Endurhæfingarsjóður

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að greiða sérstakt 0,13% launatengt gjald, Endurhæfingargjald, á sama stofn og iðgjald til lífeyrissjóða, frá 1. júní 2008. Að öðru leyti vísast til yfirlýsingar SA og ASÍ um Endurhæfingarsjóð frá 17. febrúar 2008.

15. gr. Félagsgjald og önnur gjöld

Vinnuveitandi skal halda eftir félagsgjaldi af öllum launum starfsmanna og greiða þau til viðkomandi stéttarfélags. Um önnur gjöld s.s. gjald í orlofssjóð, sjúkrasjóð og starfsmenntasjóð fer eins og kveðið er á um í 10. kafla kjarasamnings SGS og SA.

16. gr. Frekari fríðindi

Nú hefur beitningamaður hærra kaup eða frekari fríðindi en samningur þessi ákveður og skal þá það kaup og þau fríðindi haldast.

17. gr. Önnur atriði

Um önnur atriði sem ekki eru tilgreind í þessum kafla vísast í aðalkjarasamning Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og Samtaka atvinnulífsins (SA).

18. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008 til 30. nóvember 2010 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Falli aðalkjarasamningur SGS og SA úr gildi á tímabilinu, sbr. samningsforsendur skv. 21. gr. kjarasamnings SGS og SA frá 17. febrúar 2008, fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

Reykjavík 8. júlí 2008

Fh. Starfsgreinasambands Íslands

Fh. Landsambands smábátaeigenda

Fylgiskjal:

a) Dæmi um greiðslur fyrir beitningu með beituskurði:

420 x 4,44 =	kr. 1.865	með 10,17% orlofi	kr. 2.055
500 x 4,44 =	kr. 2.220	með 10,17% orlofi	kr. 2.446
540 x 4,44 =	kr. 2.398	með 10,17% orlofi	kr. 2.642

Reiknað er með að greiddar séu 200 krónur á bjóð fyrir beituskurð sem eru innifaldar í ofangreindum upphæðum.

b) Dæmi um greiðslur fyrir beitningu án beituskurðar:

420 x 4,04 =	kr. 1.697	með 10,17% orlofi	kr. 1.869
500 x 4,04 =	kr. 2.020	með 10,17% orlofi	kr. 2.225
540 x 4,04 =	kr. 2.182	með 10,17% orlofi	kr. 2.403

c) Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 84% af fullu verði fyrir beitningu:

420 x 4,44 =	kr. 1.865	uppstokkun	kr. 1.567,-	með 10,17% orlofi	kr. 1.726,-
500 x 4,44 =	kr. 2.220	uppstokkun	kr. 1.865,-	með 10,17% orlofi	kr. 2.055,-
540 x 4,44 =	kr. 2.398	uppstokkun	kr. 2.014,-	með 10,17% orlofi	kr. 2.219,-

d) Dæmi um kauptryggingu:

420 x 4,44 =	kr. 1.864	með beituskurði
500 x 4,44 =	kr. 2.220	með beituskurði
540 x 4,44 =	kr. 2.398	með beituskurði
420 x 4,04 =	kr. 1.697	án beituskurðar
500 x 4,04 =	kr. 2.020	án beituskurðar
540 x 4,04 =	kr. 2.182	án beituskurðar

Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn beiti ákveðinn fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu.

Kauptrygging kr. 166.345,-	/ 1.864 per 420 króka bjóð = 89 bjóð á mánuði
Beituskurður	/ 2.220 per 500 króka bjóð = 75 bjóð á mánuði
	/ 2.398 per 540 króka bjóð = 69 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 166.345,-	/ 1.697 per 420 króka bjóð = 98 bjóð á mánuði
Án beituskurðar	/ 2.020 per 500 króka bjóð = 82 bjóð á mánuði
	/ 2.182 per 540 króka bjóð = 76 bjóð á mánuði